

Lög félags akademískra starfsmanna við Háskólann í Reykjavík

(Stofnað 8. febrúar 1973)

1. grein

Félagið heitir FTK- félag akademískra starfsmanna við Háskólann í Reykjavík. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Hlutverk félagsins er að :

1. Semja um kaup og kjör.
2. Vinna að bættem kjörum og auknum réttindum félagsmanna.
3. Stuðla að eftir- og endurmenntun félagsmanna.
4. Vinna að bættri starfsaðstöðu félagsmanna.
5. Stuðla að bættri menntun og eflingu rannsókna á starfssviðum skólans.

3. grein

Félagsmenn í FTK geta verið allir akademískir starfsmenn Háskólans í Reykjavík og stofnana hans, sem hafa háskólapróf.

Stjórn félagsins tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga.

4. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins. Hann skal haldinn árlega fyrir 1. júní og skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara og er hann þá lögmætur. Á aðalfundi ræður afl atkvæða í öllum málum nema þeim sem snerta breytingar á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða þeirra sem á fundi eru og greiða atkvæði.

5. grein

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar fyrra starfsárs
3. Starfs- og fjárhagsáætlun
4. Ákvörðun um árgjald
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar
7. Kosning samninganefndar
8. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings
9. Kosning annarra trúnaðarmanna félagsins
10. Önnur mál

6. grein

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

7. grein

Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert.

8. grein

Tillögum um lagabreytingar skal skilað inn til stjórnar eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund og skal þess getið sérstaklega í endanlegri dagskrá að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og efni hennar lýst.

9. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum; formanni, ritara gjaldkera og fjögurra meðstjórnenda sem kosnir eru leynilegri kosningu eitt ár í senn. Formann skal kjósa sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum, þar með talið hver sé staðgengill formanns sé hann forfallaður.

10. grein

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkum sem lög þessi setja.

Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti og að jafnaði með minnst eins dags fyrirvara.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fimm stjórnarmenn sitja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar til bókar.

11. grein

Félagfundur skal boða með minnst viku fyrirvara og er hann þá lögmætur. Skyld er stjórn að boða til félagsfundar ef minnst 1/3 hluti félagsmanna krefst þess.

12. grein

Félagsstjórn eða nefnd sem stjórn skipar kemur fram af hálfu félagsins við viðsemjendur félagsins um kaup og kjör.

13. grein

Félaginu verður því aðeins slitið ef félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar.

Síðustu lagabreytingar öðluðust gildi á aðalfundi félagsins 24. maí 2017.